

# EYSTRAHORN

22.tbl. 41. árgangur

22.júní 2023

[www.eystrahorn.is](http://www.eystrahorn.is)



**Akurey Sf 52. Humarhátíð 2000.  
Mynd frá Menningarmiðstöð Hornafjarðar**

# HUMARHÁTÍÐ Í 30 ÁR

Hápunktur sumarsins á Hornafirði – Humarhátíð, verður haldin hátíðlega næstkomandi helgi með pompi og prakt. Hátíðin hefur lifað góðu lífi í þrjá áratugi og fagnar því stórafmæli þetta árið. Humarhátíð var frumkvæði einstaklinga sem langaði að búa til hátíð þar sem Hornfirðingar, fjölskyldur, vinir og vandamenn, gætu komið saman og skapað minningar og skemmt sér saman á heimaslóðum. Hátíðin var sköpuð með það fyrir augum að hún festi sig í sessi, og yrði að nokkurs konar hefð fyrir þá sem að henni koma og upplifa. Ætlunarverkið tókst með þrýði og fyrsta hátíðin var haldin árið 1993 og hefur verið haldin árlega síðan. (2020 þar undanskilið, út af dálitlu). Hátíðin hefur breyst og þróast með árunum eins og svo margt annað, en eitt eiga þær þó allar sameiginlegt, að sameina Hornfirðinga og aðra gesti í leik, gleðskap, minningarsköpun og humarsúpuáti. Gleðilega hátíð, skál fyrir 30 árum af Humarhátíð og vonandi fyrir 30 árum til viðbótar.



Mynd/Sveinbjörn Imsland, Humarhátíð 1995

## KÆRU HUMARHÁTÍÐARGESTIR!

Loksins er komið að humarhátíð 2023! Það hefur verið okkur sannur heiður, gefandi og skemmtilegt að sjóða saman dagskrána. Hátíðin á 30 ára afmæli í ár og því fannst okkur mikilvægt að gefa henni góð skil. Að skipuleggja bæjarhátíð krefst mikillar vinnu og góðs samstarfs og maður uppsker eins og maður sáir. Þegar á hólminn er komið stöndum við uppi með frábæra dagskrá sem við erum stolt af, þar sem allir ættu að geta fundið eitthvað við sitt hæfi.

### Okkar sýn

Við tókum að okkur að sjá um hátíðina í ár vegna þess að hátíðin skiptir miklu máli fyrir samfélagið og við vildum leggja okkar af mörkum, einskona samfélagsleg skylda að taka þátt í svona verkefni. Sjálf eigum við góðar minningar af humarhátíð og viljum tryggja að börnin okkar og næstu kynslóðir fái einnig að upplifa glæsilega bæjarhátíð.

### Samfélagið


Við héldum opna íbúafundi og báðum Hornfirðinga um að senda inn hvaða viðburði þau vildu sjá á hátíðinni. Sem dæmi má nefna að ákall var eftir að fá Kúadellulottóið aftur á sinn stað, brekkusöng og Parketball og urðum við við því ákalli. Að deginum er áherslan lögð á dagskrá þar sem fjölskyldan öll getur notið saman og færast áherslan síðan yfir á eldri aldurshópa þegar líður á kvöldið. Hátíðarsvæðið verður á miðsvæðinu svokallaða við hliðina á sundlauginni og þar verður staðsett hátíðarsvið sem nefnist Glacier Lagoon sviðið, hátíðartjaldið sem nefnist KASK tjaldið ásamt sölubásnum með fjölbreyttum varningi og veitingum til sölu.

Sveitarfélagið á hrós skilið fyrir að hækka framlag sitt umtalsvert til hátíðarinnar og skilar það sér meðal annars í glæsilegri umgjörð á hátíðinni. Það hefur tekist vel til að fá styrki frá fyrirtækjum og fyrir það viljum við þakka kærlega. Hverri einustu

krónu hefur verið eytt í að gera hátíðina sem allra besta. Hátíðin heppnast ekki án aðkomu sveitarfélagsins, fyrirtækja og einstaklinga.

Við vonum að þið munið njóta hátíðarinnar í ár og sækja þá fjölbreyttu viðburði sem eru í boði. Dagskráin verður borin í hús á Höfn og í Nesjahverfi og þið finnið hana líka á facebook síðunni **Humarhátíð á Höfn**.

*Góða skemmtun!  
Humarhátíðarnefnd 2023*







# HUMARHÁTÍÐ

## 2023

30 ára  
afmælishátíð

22. - 25. JÚNÍ

DRÝSLAR OG DÍSIR



# PAR KET



TRÖLLIN

PARKET

NOSTALGÍA



FÓKUS

BENEDIKT  
BÚÁLFUR

SIGGI  
GUNNARS

DILJÁ

BURNOUT  
PALLAPARTÝ  
HUMARSÚPA  
LOPPUMARKAÐUR  
KÚADELLULOTTÓ

HOPPUKASTALAR  
TÓNLISTARATRÍÐI  
FLUGSÝNING  
BREKKUSÖNGUR  
..OG MARGT FLEIRA



Fylgstu með okkur  
á samfélagsmiðlum!

HUMARHÁTÍÐ Á HÖFN

@HUMARHATID

SKANNAÐU QR  
KÓÐANN FYRIR  
ÍTARLEGRI DAGSKRÁ





## Auglýsing um íbúakosningu

Auglýsing um íbúakosningu um aðal- og deiliskipulag um þéttingu byggðar Innbæ sem samþykkt var af bæjarstjórn 27. apríl.

Íbúakosningin mun fara fram frá 19. júní - 10. júlí. Kosningin mun fara fram í Ráðhúsi sveitarfélagsins.

Kosið verður um hvort íbúar vilji að samþykkt aðal- og deiliskipulag um þéttingu byggðar í Innbæ, haldi gildi sínu eða ekki.

Spurningin mun hljóða á þennan hátt:

**Samþykkir þú að breyting á aðal- og deiliskipulagi um þéttingu byggðar í Innbæ Hafnar haldi gildi sínu? Já/Nei.**

Niðurstaða atkvæðagreiðslu íbúakosningarinnar er ráðgefandi fyrir bæjarstjórn, skv. 107. gr. sveitarstjórnarlaga.

Sveitarfélagið verður ein kjördeild og kjörstaður verður í Ráðhúsinu og hafa allir kosningabærir íbúar sveitarfélagsins, sem eiga lögheimili í sveitarfélaginu kosningarétt í íbúakosningunni skv. 4. gr. kosningalaga nr. 112/2021.

Nánari upplýsingar og kynningargögn má finna á heimasíðu sveitarfélagsins [hornafjordur.is](http://hornafjordur.is) undir stjórnarsýsla/skipulagsmál, kynning á skipulagi Innbæ vegna íbúakosninga.

Öll umgjörð og framkvæmd íbúakosningarinnar er samkvæmt kosningalögum nr. 112/2021, sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011, reglugerð um íbúakosningar sveitarfélaga og reglum sveitarfélagsins um íbúakosningu.

Þeir einu sem hafa kosningarétt eru á kjörskrá og hafa lögheimili í Sveitarfélaginu Hornafirði kl 12:00 þann 12. maí 2023 og eru eldri en 16. ára miðað við lokadag kosningar.

*Yfirkjörstjórn og bæjarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar*



# ÍBÚAKOSNING; HVERS VEGNA AÐ KROSSA VIÐ NEI

Samkvæmt fullyrðingum forsvarsmanna fyrrverandi bæjarstjórnar var ein aðalástæða fyrir því að ráðist var í gerð skipulagsins; „Þétting byggðar í Innbæ“ sú að finna hagstæðar lóðir fyrir sveitarfélagið til úthlutunar. Ítrekað hefur verið óskað eftir rökstuðningi þessarar fullyrðingar en því jafnan svarað með því einu að það væri óþarft því augljóst sé að lóðirnar verði sveitarsjóði hagstæðar. Fyrir undirrituðum er þetta ekki augljóst og hefur aldrei verið nema síður sé. Þessar lóðir verða óhagstæðar bæði fyrir sveitarsjóð og væntanlega húsbýggjendur. Ástæður fyrir því eru margar og verður dregið á nokkrar þeirra hér á eftir.

Samkvæmt frumkönnun á jarðvegi í hinum 5 nýju lóðum, sem verða til með skipulaginu „þétting byggðar í Innbæ“, er jarðvegurinn í þeim mjög blautur og djúpt niður á fast. Í Vesturbrautarlóðunum 5 – 7 m niður á fast, undir Hríshólum; 4- 7 m og vestan raðhúsabílskúranna við Silfurbraut; 2,5 – 5 m. Þessar tölur eru samkvæmt frumkönnun og þar af leiðandi ónákvæmar. Gera þarf mun ítartarlegri rannsókn komi til þess að ráðist verði í framkvæmdir.

Nýju lóðirnar eru upp að gamalgrónum lóðum og reynsla er af því að jarðrask í nágrenni húsa á svæðinu og sambærilegum svæðum á Höfn hefur valdið tjónum á húsum. Dæmi um þetta eru skemmdir á húsi við Hrisbraut þegar byggð voru raðhús við Hólabraut. Fleiri hliðstæð dæmi má nefna t.d. tjón á húsi sem varð þegar grafið var fyrir sundlaug Hafnar.

Sveitarfélagið Hornafjörður þurfti að bæta það tjón.

Í kafla 4.3. Grundun mannvirkja greinargerðar skipulagsins „Þétting byggðar í Innbæ“ er eftirfarandi kvöð sem væntanlegir lóðarhafar þurfa að undirgangast: „Við skil aðaluppdráttar vegna umsóknar um byggingarleyfi skal lóðarhafi leggja fram áætlun um fyrirhugaðar jarðvegsframkvæmdir og greinargerð burðarþolshönnuðar um að framkvæmdir þessar valdi ekki skemmdum á nærliggjandi lóðum eða þegar byggðum mannvirkjum. Gerð hefur verið jarðvegskönnun á svæðinu sem taka skal tillit til við grundun nýrra húsa. Rask innan hvernar lóðar taki að hámarki 2 ár.“ Þessi kafla greinargerðarinnar sýnist vera kominn inn í greinargerðina vegna álits Guðmundar Hjaltasonar verkfræðings hjá Verkfræðistofunni EFLU. Álitid kemur fram í minnisblaði Guðmundar frá 18.3.2020 til umhverfis- og skipulagsstjóra sveitarfélagsins. Í minnisblaðinu segir m.a. að tilgangurinn með ofangreindu ákvæði greinargerðarinnar sé að minnka hættu á tjóni á aðliggjandi lóðum og taka af vafa um ábyrgð framkvæmdaáðila á mögulegu tjóni sem framkvæmdir kunna að valda. Það er umhugsunarefni hvers vegna forráðamenn sveitarfélagsins beita sér fyrir framkvæmdum sem þeir viðurkenna sjálfir að líklegar séu til þess að valdi skemmdum á eignum íbúanna en um leið leggja ofuráherslu á að firra tjónvalda ábyrgð.

Í ljósi þess sem dregið hefur verið á í ofangreindu verður að teljast líklegt að

eigendur húsa á lóðum sem eru í nágrenni nýrra lóða, samkvæmt umræddu skipulagi, muni leitast við að verjast því að sitja uppi með tjón, verði hús þeirra fyrir skemmdum komi til þess að nýju lóðunum verði úthlutað og í framhaldinu gefið út leyfi til framkvæmda. Undirritaður er ekki löglærður en telur líklegt að eigendurnir mundu leita leiða til þess að gæta sinna hagsmuna t.d. með því að krefjast lögbanns á framkvæmdir og vísa m.a. til þess sem hefur verið rakið hér að framan því til rökstuðnings. Ef dómari myndi heimila framkvæmdir þrátt fyrir lögbannskröfuna er líklegt að hann skilyrti leyfi til framkvæmda því að gerðar yrðu nákvæmar mælingar og nákvæm skoðun á viðkomandi mannvirkjum áður ásamt því að krafist yrði tryggingar til langs tíma fyrir hugsanlegu tjóni, áður en framkvæmdir við grundun nýrra húsa yrðu heimilaðar.

Í yfirstandi íbúakosningu gefst okkur íbúum Sveitarfélagsins Hornafjarðar 16 ára og eldri tækifæri á að hafa afgerandi áhrif á mótun umhverfis okkar ágæta samfélags. Látum þetta tækifæri ekki úr greipum okkar ganga, mætum í Ráðhúsið ekki síðar en 10. júlí og kjósum. Ég mun setja kross í nei reitinn og þar með hafna skipulaginu „þétting byggðar í Innbæ“ það er ekki brúklengt af mörgum ástæðum m.a. þeim sem tilgreindar eru í þessu greinarkorni.

Höfn: 17. júní 2023  
Ari Jónsson  
Silfurbraut 33

## TIL ÞÍN ÍBÚÍ GÓÐUR 16 ÁRA OG ELDRÍ Í SVEITARFÉLAGINU HORNAFIRÐI

Í yfirstandandi íbúakosningu gefst kjósendum í sveitarfélaginu kostur á að velja um hvort breyting á skipulagi í Innbæ skuli halda gildi sínu eða ekki.

Deiliskipulagið segir til um að reisa eigi fimm einbýlishús ásamt þriggja íbúða raðhúsallengju á fjórum ótengdum svæðum inni í rótgrónu hverfi.

Yfir 90% íbúa í Innbæ hafa mótmælt, sagt nei við fyrirhuguðum framkvæmdum og verður ástæða þess rakin hér að neðan:

Í enda Silfurbrautar og við golfvöllinn eru tvö af ofangreindum einbýlishúsum fyrirhuguð

Hús þessi yrðu staðsett í mýri við og inn í Hríshólum og við hlið viðlagasjóðshúss. Frá Golfklúbbi Hornafjarðar hefur verið send greinargerð þar sem þessum framkvæmdunum er mótmælt vegna þrengsla.

Út úr Silfurbraut er fallegt útsýni út á fjörð og jökla sem allir er um götuna fara njóta. Hér er raðhúsið fyrirhugað. Að skerða útsýni, skerðir lífsgæði. Staðsetning hússins yrði á litilli tungu nánast út í firði og við hlið viðlagasjóðshúss. Inn af Hvannabraut er eitt einbýlishús fyrirhugað staðsetning þess nánast í bakgarði viðlagasjóðshúsa í mýri við og inn í Hríshólum.

Viðlagasjóðshúsin voru byggð á súlum árið 1973 hætta er á að skemmdir verði á þeim og öðrum eignum eins og fjölmörg dæmi sanna innan sveitarfélagsins þar sem farið hefur verið í sambærilegar framkvæmdir í jafn viðkvæmum jarðvegi og hér um ræðir, Uppgröftur í Hríshólum myndar svo enn meiri hættu á skemmdum

Við hlið Vesturbrautar er tún sem er útivistar- og leiksvæði hverfisins, í sveitarfélaginu hafa leiksvæði ekki verið uppfærð eða sinnt árum saman, en úrbætur þar um eru nú hafnar. Í nærumhverfi þessa leiksvæðis eru samkvæmt hagstofu Íslands yfir 100 börn skrásett til heimilis. Vilji er fyrir því að leiksvæðið sé uppfært í stað tveggja af ofangreindum einbýlishúsum. Jarðvegur túnsins er viðkvæmur, nokkur viðlagahús standa í nágrenninu og húsin tvö myndu skerða útsýni þeirra sem fyrir eru. Frávættakerfi hverfisins er komið yfir þolmörk og ekki er á það hæfandi.

Í seinni tíð hefur þrívægið verið sótt um byggingaleyfi innan hverfisins annars vegar við golfvöllinn og hins vegar á leiksvæðinu. Þeim beiðnum var hafnað, í svari frá

sveitarfélaginu kom fram að allt of dýrt yrði fyrir sveitarfélagið og ekki forsvaranlegt að fara í slíkar framkvæmdir.

Á síðasta kjörtímabili var mál þetta tekið upp og rekið áfram af miklum þunga. Rökin vegna fyrirhugaðra framkvæmda voru þvert á fyrri niðurstöðu. Nú að sögn hagkvæmt fyrir sveitarfélagið.

Í sveitarfélaginu er nú margt í farvatninu, svo dæmi sé tekið þrjú fjölbýlishús á túni við Nettó, þrjú fjölbýli með átján íbúðum við Dalbraut, nýtt hverfi ÍB 5 þetta eru allt framkvæmdir sem í raunveruleika teljast hagkvæmar fyrir sveitarfélagið.

Með söfnun undirskrifta var knúid á um að efna skyldi til íbúakosningar um breytinguna á skipulaginu í innbæ og þess vegna er málið nú í höndum ykkar íbúar sveitarfélagsins. Er það einlæg von að sem flestir láti sig málið varða mæti í Ráðhúsið (sveitarfélagshúsið okkar allra) fari í afgreiðslu, fái kjörgögn og láti skoðun sína í ljós. Kosningin stendur yfir frá 19. júní til 10. júlí 2023.

Sveinbjörg Jónsdóttir íbúi í Innbæ.



# ÁHYGGJUR AF FJÖLGUN FERÐAMANNA - ÁLAG Á INNVIÐUM

Bæjarstjórn hvetur ríkisvaldið til að huga að grunninnviðum í samfélaginu, t.d. með öflugri löggæslu, til að tryggja öryggi íbúa- og ferðafólks á svæðinu. Bæjarstjórn beinir því til heilbrigðisráðherra að manna heilbrigðis- og viðbragðsþjónustu með þeim hætti að ávallt séu a.m.k. tveir læknar að störfum í sveitarfélaginu á hverjum tíma og að mönnun annarra heilbrigðisstarfsmanna sé einnig tryggð. Þá leggur bæjarstjórn áherslu á að láglandisgæsla Slysavarnarfélagsins Landsbjargar sé til staðar yfir sumarið í Örafum eða heilbrigðisstarfsmaður á vegum HSU sem sinni bæði íbúum og ferðafólki. Þá hvetur bæjarstjórn umhverfis, orku, og loftlagsráðherra að gera Vatnajökulspjóðgarð kleift að huga að öryggismálum á sínum vettvangi og að auka við landvörslu í takt við þann mikla fjölda gesta sem sækja þjóðgarðinn heim. Fjöldi ferðafólks eykst með hverju árinu og er öryggisviðbragð víða um sveitarfélagið í engu samræmi við

fjölda fólks sem dvelur hér og fer hér um. Bæjarstjórn hvetur yfirvöld til að finna tafarlaust varanlega lausn til að auka neyðarviðbragð og tryggja öryggi ferðafólks, íbúa og þeirra sem starfa í sveitarfélaginu. Þá lýsir bæjarráð yfir vilja til samtals og samstarfs við Slysavarnarfélagið Landsbjörgu svo tryggja megi áframhaldandi viðveru Láglandisvaktar félagsins í Skaftafelli í sumar.

Bókun almannavarnarnefndar er eftirfarandi:

Bæjarstjórn Hornafjarðar hefur auknar áhyggjur af öryggismálum í Örafum vegna mikillar fjölgunar ferðamanna sem fara um og dvelja á svæðinu. Eina neyðaraðstoðin á svæðinu að staðaldri er Björgunarsveitin Kári. Hátt í klukkustundar bið er í viðbótarbjargir inn á svæðið ýmist frá Hornafirði eða Kirkjubæjarklaustri í um 100 kílómetra fjarlægð. Neyðarviðbragð sem tiltækt er á þessu svæði er í engu samræmi við

þann mikla fjölda ferðamanna sem þar dvelur og fer um. Yfir sumarmánuði er mjög algengt að um 1.000 manns gisti í Skaftafelli yfir nótt og því til viðbótar eru fjölmargir gististaðir í Örafum.

Nauðsynlegt er að bregðast við síauknu álagi á það viðbragð sem er á svæðinu og gera ráðstafanir til að stytta viðbragðstíma vegna óhappa og slysa. Aukin viðvera lögreglu auk heilbrigðisstarfsmanns í Örafum er bráðnauðsynleg og væri mikil innspýting á neyðarviðbragði. Láglandisvakt Landsbjargar hefur undanfarin ár sýnt og sannað gildi sitt sem viðbótarviðbragð þegar mesti fjöldi ferðamanna er á svæðinu yfir sumarmánuðina.

Mikilvægt er að finna varanlega lausn til að auka neyðarviðbragð á svæðinu. Mætti þar meðal annars horfa til reynslu og útfærslu sem er í Þjóðgarðinum á Þingvöllum varðandi heilbrigðisstarfsmann.

*Sigurjón Andrússon bæjarstjóri*



Sveitarfélagið  
**HORNAFJÖRÐUR**



HEILSUEFLANDI SAMFÉLAG  
Sveitarfélagið Hornafjörður  
veitðan fyrir alla

## Endurskoðun aðalskipulags Sveitarfélagsins Hornafjarðar

**Leitað til landeigenda og ábúenda**  
Endurskoðun aðalskipulags Sveitarfélagsins Hornafjarðar stendur yfir og nú hefur sveitarfélagið birt vefkönnun þar sem leitað er til landeigenda og ábúenda um stöðu og þróun landnotkunar á þeirra jörðum eða landareignum. Vefkönnunina og nánari upplýsingar um hana og endurskoðun aðalskipulagsins má finna á vefnum [hornafjordur.is/adalskipulag](http://hornafjordur.is/adalskipulag).

Hagsmunaaðilar eru hvattir til að svara könnuninni fyrir 23. júlí nk. **Athugið – lengdur frestur**



Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / [www.hornafjordur.is](http://www.hornafjordur.is)



Lifandi vatn  
Lifandi vatn með þessum vatni

### Dagskrá vikunnar

**Almennar samkomur**  
sunnudaga klukkan 13:00

**Bænastundir**  
fimmtudaga klukkan 19:30


Við höfum til að sjá þig.

Instagram: lifandi\_vatn  
Facebook: lifandi\_vatn



**Jesús segir:**  
Et nektum þyrstir þá komi hann  
til mín og drekki.  
Þu hefur Jesús með þessu Áttu  
munu renna  
Lokur lífandi vatni

www.lifandi.is 737-94



Austurbraut 20 Sími: 662-8281  
Útgefandi: Eystrahorn ehf.  
Ritstjóri og  
ábyrgðarmaður: Arndís Lára  
Kolbrúnardóttir  
Netfang: [amdis@eystrahorn.is](mailto:amdis@eystrahorn.is)  
Prófarkalestur: Guðlaug Hestnes

Umbrot: Arndís Lára  
Kolbrúnardóttir  
Prentun: Litlaprent  
ISSN 1670-4126

## DRAUMAR, KONUR OG BRAUÐ

Upptökur á leiknu heimildarmyndinni, Konur, Draumar & Brauð hafa nú farið fram í fjórum landsfjórðungum. Suðurlandi, Austurlandi, Norðurlandi, Vestfjörðum og Vesturlandi.

Myndin fjallar um ómælt vinnuframlag kvenna sem reka kaffihús á landsbyggðinni bæði til síns nær-samfélags og ferðaþjónustunnar í heild, en líka drauma og dagdrauma okkar kvenna.

Þessir staðir, þar sem heimagerðar veitingar eru bornar fram með hlýleika og gamaldags góðri gestrisni og upplýsingar um nærumhverfið veittar með bros á vör, eru þeir sem talað er um þegar heim er komið úr ferðinni.

Myndin er skrifuð af þeim; Sigrúnu Völu Valgeirsdóttur og Svanlaugu Jóhannsdóttur en báðar leika þær hlutverk í myndinni og leikstýra jafnframt.

Tvær konur af sitthvorri kynslóð og með ólíka sýn á lífið fara hringferð um Ísland, hver með sitt erindi og koma við á 5 kaffihúsum. Allar konurnar „leika“ sjálfar sig og fáum við að kynnst draumum þeirra og dagdraumum, lífi og áskorunum. Kaffihúsin / veitingastaðirnir 5 og konurnar 6 sem þau stofnuðu og reka eru; Gamla Fjós undir Eyjafjöllum, Heiða Björg Scheving; Kaffi Nesbær í Neskaupstað; Sigríður Þórbjörg Vilhjálmsdóttir, Frida Chocolate, Frida Björk Gylfadóttir, Siglufirði, Kaffi Litlibær, Sigríður Hafliðadóttir og Guðrún Fjóra Kristjánsdóttir, Skötufirði og Ólína Gunnlaugsdóttir, Samkomuhúsinu Arnarstapa.

Á meðan þær Svana ( Svanlaug Jóhanns, söng- og sögukona ) og Agnes ( Agnes Eydal, líffræðingur ) fara hringinn og heimsækja kaffihúsin, þar sem Svana er að skrifa nýja útgáfu af leikritinu sínu, „ Í hennar sporum“ og Agnes að sinna brýnu erindi í Neskaupstað, þá er Sigrún að brasa við að baka vinningsköku fyrir Sólstöðuhátíðina undir Jökli og spákona fylgist með ferðinni.

Á hringferðinni fléttast sögur kvennanna við hringferðalagið og við minnumst minninganna og sagna sem lifa með okkur í aldanna rás ásamt því að hlýða á tónlist og söng, sem er ríkur þáttur verksins, þar sem söngur Svönu fær að njóta sín.

Unnur Stefánsdóttir tónskáld, hefur samið lag við ljóð Huldu „ Gefðu mér jörð“ og annað „ Söng Völvunnar“ við texta Sigrúnar Völu. Þá hlýðum við m.a. á „Todo Cambia“ eftir Julio Numhauser og tónlist eftir argentínska tónskáldið Astor Piazzolla og en það er Agnar Már Magnússon sem semur tónlistarstef fyrir myndina.

Það hefur verið yndislegt að koma á alla þessa staði oft og mörgum sinnum undanfarnin 3 ár við undirbúning og upptökur á kynningarefni og ekki síður að ná að ljúka tökumum. Myndin er nú í eftirvinnslu og er stefnt að því að ljúka henni síðar á árinu.



### Tilkynning frá Skógræktarfélagi Austur Skaftfellinga

Athugið! Skógræktarfélagið mun halda árlegan fjölskyldudag í Haukafelli 1. júlí n.k. Við viljum hvetja Hornfirðinga og nærsveitunga til að koma og njóta þess með okkur sem paradísinn í Haukafelli hefur upp á að bjóða.

Það eru ýmis smáverk sem stendur til að framkvæma þennan dag og er allt vinnuframlag vel þegið.

Skógræktarfélagið mun svo bjóða til kvöldverðar að degi loknum og býður einnig upp á ókeypis tjaldsvæði fyrir þá sem það vilja þiggja.

Það kemur viðburður inn á facebook og langar okkur að hvetja áhugasama um að melda sig þar svo við vitum hvað þarf að kaupa mikinn mat.

Með von um að sjá sem flesta  
Stjórnin



## Söfnun á heyrúlluplasti 26. – 30. júní – Skráning

Dagana 26. – 30. júní mun Funi ehf. sækja heyrúlluplast í dreifbýli. Þjónustan er bændum að kostnaðarlausu en nauðsynlegt er að skrá sig hjá sveitarfélaginu til að nýta þjónustuna.

Þeir sem vilja að heyrúlluplast sé sótt til þeirra eru beðnir um að senda nafn tengiliðs, símanúmer, netfang og heimilisfang / bæjarnafn á netfangið [afgreidsla@hornafjordur.is](mailto:afgreidsla@hornafjordur.is) eða hafa samband í síma 470-8000. Frestur til að senda inn söfnunarbeiðni rennur út sunnudaginn 25. júní.

Funi hefur samband við þá sem skrá sig áður en bíllinn kemur í hlað en það er mikilvægt að í förmunum sé aðeins hreint heyrúlluplast. Plastið skal vera laust við aðskotahluti s.s. hey, baggabönd og net. **Verktaka er heimilt að skilja plast eftir sem fullnægir ekki þessum skilyrðum.**

Gott er að venja sig á að hrista hey og önnur óhreinindi úr plastinu áður en gengið er frá því. Óhreint plast hentar ekki til endurvinnslu og endar því með almennu sorpi í urðun í Lóni með tilheyrandi kostnaði.

Söfnuðu heyrúlluplasti er komið á söfnunarstöðina á Höfn þar sem það er pressað í bagga og sent til Pure North ehf. í Hveragerði. Fyrirtækið endurvinnur plastið að fullu og gerir m.a. úr því girðingarstaura.

Söfnunin er viku seinna en samkvæmt sorphirðudagatali og er beðist velvirðingar á því. Fyrir frekari upplýsingar um söfnunina má hafa samband við afgreiðslu í síma 470-8000.







## MÁLFRÍÐUR MALAR

Í síðasta Eystrahorni er grein þar sem fjallað er um lausagöngu búfjár í Sveitarfélaginu Hornafirði. Ég vil byrja á því að þakka greinarhöfundu fyrir vel skiljanlegan texta (þ.e. almúginn skilur hann) og einnig er vísað í reglugerðir, tölfræði og einnig fylgir með myndrænt efni fyrir þá sem eiga erfitt með að lesa. Ég las greinina nokkrum sinnum til að missa ekki af neinu sem skrifað var og það var þarna eitt og annað sem mér fannst áhugavert. Til að mynda þá er minnst á að minnst þrjá þarf til, til að leysa vandann með búpening á þjóðveginum. Ég gat fundið út hvað Sveitarfélagið Hornafjörður ætti að gera og einnig Vegagerðin en þessir tveir áttu að semja um uppsetningu girðinga og viðhald á þeim og jafnframt átti sveitarfélagið að banna lausagöngu búfjár á þessum svæðum. Ég fann hinsvegar hvergi út hvað búfjáreigendur ættu að gera til að vera með í að leysa vandann. Mér þætti

eðlilegast að Vegagerðin og sveitarfélagið myndu semja um uppsetningu girðinga og eins og ber beggja vegna vegar en það ætti síðan að vera á hendi búfjáreigenda að halda við þessum girðingum svo búfé þeirra sleppi ekki út. Ég lít svo á að það sé þeirra þ.e. búfjáreigenda að halda skepnunum sínum frá götunum því þær (göturnar) eru sannarlega ætlaðar bílum. Varðandi lausagöngubann á þjóðvegi eitt frá Almannaskarði að Hornafjarðarfjötum þá sló það mig að það væri ekki raunin. Í mörg ár hef ég haldið að um lausagöngubann væri að ræða á þessu svæði og mér datt ekki til hugar að véfengja það á einn eða annan hátt. Með uppsetningu á skiltinu er varar við lausagöngu búfjár í Nesjum er því ljóst að lausaganga er EKKI bönnuð. Því hvet ég Sveitarfélagið Hornafjörð og/, Vegagerðina (og búfjáreigendur) að tryggja öryggi bæði manna og dýra á þjóðvegi eitt í sýslunni okkar.

*Málfríður*




## ORÐALEIT

HOPPUKASTALI  
 HUMARHÁTÍÐ  
 SKEMMTIATRÍÐI  
 AFMÆLI  
 APPELSÍNUGULUR  
 HUMARSÚPA  
 HÁTÍÐARTJALD  
 TÓNLEIKAR  
 BALL  
 KASSABÍLARALLÍ  
 HUMARSÚPA  
 DRÝSLAR

# UPPSKRIFT VIKUNNAR

## *Grillaður humar eftir Hafdísí Gunnarsdóttur*

Ég ætla að taka þessari áskorun Hrefna Magnúsdóttir. Eins og þú veist Hrefna mín er ég ekki mikið fyrir að fara eftir uppskriftum, læt bara bragð og tilfinningu ráða. En látum á það reyna. Ég skora á Guðlaugu Hestnes að koma með uppskrift í næsta blað.



### Hráefni

50 gr brætt smjör  
1 msk hunang  
1 msk sítrónusafi  
½ tsk sítrónubörkur, rífinn  
2 msk saxaður graslaukur  
2-3 msk graslauk til skreytingar  
1 msk steinselja  
3 hvítlauksgeirar, marðir  
½ tsk salt  
16 til 20 humarhalar, kóngahumar  
1 msk extra-virging ólífuolía  
Nýmalaður sv pipar  
Rauðar mulnar  
piparflögur, örlítið  
Sítrónubátar

### Aðferð

Blandið saman í skál brædda smjörinu, olíunni, sítrónusafa og-berki, hunangi, graslauk, steinselju, hvítlauk og salti. Klippið skelina í sundur að ofan og skerið niður í holdið “rifbeinunum” fletjið halana út. Gott er að nota blauta grillpinna og stinga í gegnum humarinn endilangan svo hann verpir síður við grillunina. Penslið halana með kryddblöndunni, kryddið með salti og pipar grillið halana með holdið niður í augnablik. Snúið hölunum við og penslið aftur, grillið áfram aðeins í nokkrar mín eða þar til að holdið er ekki lengur glært. Stráið örlitlu af graslaukunum og rauðu piparflögunum yfir. Berið fram með sítrónubátum og ristugu brauði. Glas af hvítvíni með skemmir ekki t.d. Chablis.

## SPURNING VIKUNNAR

*Hvað er skemmtilegast að gera á Húmarhátíð?*



**Zuzanna Bojar**  
Að hoppa



**Auður Lukka  
Jóhannesdóttir**  
Veit það ekki



**Eva Mary da Silva  
Trindade**  
Svo mikið  
skemmtilegt



**Sóley Morávek  
Önnudóttir**  
Að leika



**Ragnar Már  
Sveinsson**  
Að fara í  
hoppukastalana



# KRAKKAR FJÖR

Hnútagerð

Listasmiðja

Gítarkennsla

Grill

25 JÚNÍ '23 KL 14-16

SKEMMTILEGAR UPPÁKOMUR  
FYRIR BÖRN Á ALDRINUM  
6-13 ÁRA

Hvítasunnukirkjan Lifandi Vatn  
Hafnarbraut 59

Made with PosterMyWall.com



## Fræðsludagskrá Vatnajökulspjóðgarðs



Velkomin öll í fræðslugöngur, barnastundir og  
sérvíðburði um þjóðgarðinn í allt sumar.  
Nánari dagskrá á vef þjóðgarðsins.

